

# FBM FRÉTTABRÉF

NÝJUSTU FRÉTTIR FRÁ FÉLAGI BÓKAGERÐARMANNA

Útgefandi: FBM Hverfisgötu 21, Rvík. Sími 552 8755, www.fbm.is 1. tölublað. apríl 2008. Ábyrgðarmaður: Georg Páll Skúlason

## Frá aðalfundi FBM 2008

Aðalfundur FBM var haldinn laugardaginn 19. apríl s.l. á Grand hótél v/Sigtún.

Eftir skýrslu stjórnar og yfirferð reikninga félagsins sem sent var í riti út til allra félagsmanna var umræða um starf stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga frá stjórn og trúnaðarráði FBM um uppbyggingu orlofshúsa í Miðdal.

„Aðalfundur Félags bókagerðarmanna, haldinn 19. apríl 2008 á Grand hótél við Sigtún samþykkir að hús 4 og hús 5 í Miðdal verði fjarlægð og í staðinn verði byggt tvö ný hús. Á lóð þar sem hús 5 hefur staðið verði byggt hús u.þ.b. 60m<sup>2</sup> að stærð næsta vetur. Á lóð þar sem hús 4 hefur staðið verði byggt hús u.þ.b. 80 m<sup>2</sup> að stærð í framhaldi af byggingu á húsi nr. 5“. Tillagan var rædd og samþykkt samhljóða meðal fundarmanna.

Því næst fóru fram stjórnarskipti en **eftirfarandi aðilar skipa stjórn FBM tímabilið 2008 – 2009**: Georg Páll Skúlason, formaður, Bragi Guðmundsson, Anna Helgadóttir, Gutenberg, Oddgeir Þór Gunnarsson Prentsmiðjan Oddi, Óskar R. Jakobsson, Litlaprent, Stefán Ólafsson, Morgunblaðið og Þorkell S. Hilmarsson, OPM.

**Varastjórn**: Björk Harðardóttir, Prentsmiðjan Oddi, Hrafnhildur Ólafsdóttir, FBM, Hrefna Stefánsdóttir, Íslenska auglýsingastofan, Róbert Ericsson, Prentmet og Sæmundur Árnason.

Eftirtalin voru kjörin í embætti á vegum félagsins:

**Skoðunarmenn**: Hallgrímur Helgason og Tryggvi Þór Agnarsson. **Til vara**: Stefán Sveinbjörnsson og Páll Heimir Pálsson.

**FGT deild til tveggja ára**: Kalman le Sage de Fontenay, Hrefna Stefánsdóttir og Gréta Ösp Jóhannesdóttir.

**Ritstjóri Prentarans**: Hrafnhildur Ólafsdóttir.

**Ritnefnd**: Jakob Viðar Guðmundsson, Hrönn Jónsdóttir og Guðný Lára Jónsdóttir.

**Fulltrúaráð Sameinaða lífeyrissjóðsins til tveggja ára**: Þorkell S. Hilmarsson og Anna S. Helgadóttir. **Til vara**: Sæmundur Árnason og Grétar Sigurðsson.

**Laganefnd**: Sæmundur Árnason, Bragi Guðmundsson og Georg Páll Skúlason.

**Fræðslunefnd til tveggja ára**: Jón Trausti Harðarson, Tryggvi Þór Agnarsson, Stefán Hjaltalín, Hrefna Stefánsdóttir, Pétur Marel Gestsson og Páll Reynir Pálsson.

Að loknum kosningum í embætti var dagskrárliðurinn önnur mál.

„Stjórn og trúnaðarráð FBM gerði tillögu um að Sæmundur Árnason yrði kjörinn heiðursfélagi Félags bókagerðarmanna“. Fundarmenn samþykktu það sam-



Sæmundur Árnason.

hljóða með lófaklappi. Formaður rakti síðan í stuttu máli félagsmálaferil Sæmundar. „Svo lengi sem elstu menn muna hefur Sæmundur Guðni Árnason starfað fyrir okkur. Hann var kosinn í skemmtinefnd Hins íslenska prentarafélags 1966 og hefur verið að síðan. Hann hefur setið í flestum, ef ekki öllum nefndum HÍP og síðar FBM. Sæmundur var fyrst kosinn í varastjórn HÍP 1975 og síðan í stjórn. Hann vann að sameiningu Bókbindarafélags Íslands, Grafíska sveinafélagsins og Hins íslenska prentarafélags í Félagi bókagerðarmanna og hefur setið í stjórn og varastjórn FBM frá stofnun þess, 1980. Hann tók við formennsku félagsins í ágúst 1993 og skilaði því starfi af sér á aðalfundi 2006. Hann hefur m.ö.o. setið óslitið í stjórn og varastjórn í 33 ár og er nýkosinn til næstu tveggja ára, auk þess sem hann starfar í bókasafnsnefnd og laganefnd. Nýgerðir kjarasamningar okkar eru þeir fyrstu í um 30 ár sem hann hefur ekki átt aðild að. Sæmundur lærði prentun í Prentsmiðjunni Odda og tók sveinspróf 17. janúar 1960. Hann sótti framhaldsnám í Die Höhere Fachschule für das Graphische Gewerbe í Stuttgart og lauk prófi í djúpprenti 1961, einn sárafarra íslendinga sem það hafa gert. Eftir það starfaði í Prentsmiðjunni Hilmi til 1971, um ár í Ingólfsprenti, Prentstofu Guðjóns Ó frá 1972 og tók þar sveinspróf í offsetprentun 1980, síðan í prentsmiðju Árna Valdemarssonar, Grafík og Kassagerð Reykjavíkur, uns hann varð starfsmaður FBM haustið 1993. Sæmundur hefur verið óþreytandi í fræðslumálum alla tíð. Í Fræðslunefnd, Iðnráði, við námskrárgerð í Bókagerðarskólanum, í sveinsprófsnefnd, í stjórn Fræðslusjóðs, í stjórn Prenttæknistofnunar, í

stjórn Margmiðlunarskólans sáluga og hann leiddi Starfs- greinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina í 8 ár. Rétt er einnig að halda því til haga að hann var kosinn varafulltrúi NGU í stjórn Union Network International og fastanefnd UNI. - Eini íslendingurinn í stjórnkerfi þessa ríflega 15 milljóna manna samtaka launafólks um allan heim. Félagsstörf eru óhemju tímafrek. Samningafundir á árum áður stóðu t.d. upp í 3 til 4 sólarhringa, og þó að hann hafi verið launaður starfsmaður félagsins í nær 14 ár, þá er það aðeins tæpur þriðjungur þess tíma sem félagi Sæmundur hefur verið að. Allt þetta starf hefur óhjákvæmilega bitnað á frítíma og fjölskyldu og þökkum við Guðrúnu Eyberg eiginkonu hans og börnum þeirra þremur, kærlega fyrir lánið og þolinmæðina í öll þessi ár.“

## ■ Kjarasamningur FBM og SA sam- þykktur með 76,1% greiddra atkvæða

Talning í atkvæðagreiðslu Félags bókagerðarmanna vegna kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins lauk 10. mars s.l.. Á kjörskrá voru 1091. 356 kusu eða 32,6%. 271 samþykkti samninginn eða 76,1%, 78 voru andvígir samningnum eða 21,1% og auðir og ógildir voru 7 eða 2%. Hér á eftir verða nokkur atriði úr kjarasamningnum kynnt.

## ■ Starfsmannaviðtöl

### 1.10 Starfsmannaviðtöl

Starfsmaður á rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín, þ.m.t. frammistöðu og markmið og hugsanlegar breytingar á starfskjörum. Óski starfsmaður eftir viðtali skal það veitt innan tveggja mánaða og liggja niðurstaða þess fyrir innan mánaðar.

## ■ Orlofsuppbót:

orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.5. til 30.4) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008 verði orlofsuppbót kr. 24.300.

Uppbótin greiðist þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum m.v. 30.4. eða eru í starfi 1.5.

## ■ 6.1. Sumarleyfi

Starfsfólk skal fá 25 virka daga í sumarleyfi með fullu kaupi, enda hafi það unnið í sama fyrirtæki í eitt ár samfleytt.

Eftir 5 ár samfelld í sama fyrirtæki 28 dagar

Eftir 10 ár í iðninni 29 dagar

Frá 1. maí 2009 breytist orlofsinnvinnsla sem hér segir:

Eftir 10 ár í iðninni 30 dagar

Starfsfólk, sem unnið hefur skemur en eitt ár í sama fyrirtæki, skal fá sumarleyfi með fullu kaupi að tiltölu við þann tíma, sem það hefur unnið.

Veita ber a.m.k. 20 virka daga í einu lagi á tímabilinu 1. júní til 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara, á þann hátt að sem minnst röskun verði á starfsemi fyrirtækisins. Þeir sem samkvæmt ósk atvinnurekanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% álagi á það sem vantar 20 daga.

## ■ Vetrarorlof þarf að tilkynna fyrir 1. maí:

6.2 í kjarasamningi FBM og SA um sumar og vetrarorlof:

Óski starfsmaður með 9 ára starfsreynslu að taka vetrarorlof, þá geymast 5 dagar af sumarorlofi og verði þá vetrarorlof samtals 10 dagar. Óski starfsmaður með 10 ára starfsreynslu eða meira að taka vetrarorlof þá geymast 5 dagar af sumarorlofi og verði þá vetrarorlof samtals 10 dagar. Vetrarorlof skal veitt á tímabilinu 1. október til 1. maí. Vetrarorlof skal starfsmaður nota til að auka þekkingu sína. Ósk um töku vetrarorlofs skal koma fram fyrir 1. maí ár hvert.

## ■ Orlof á yfirvinnu er:

10,64% miðað við 25 daga

12,07% miðað við 28 daga.

12,55% miðað við 29 daga

13,04% miðað við 30 daga

## ■ 4.3.1. Veikindi barna

Á fyrsta starfsári hjá sama vinnuveitanda skal foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð, þangað til rétturinn verður 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili, til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið, og halda þá dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

## ■ Orlofshús FBM

Þau orlofshús sem ekki gengu út við úthlutun orlofshúsa í vor verða auglýst sérstaklega á vef félagsins [www.fbm.is](http://www.fbm.is) í sumar.

## ■ Tjaldstæði í Miðdal

Tjaldsvæði FBM í Miðdal er sívinsælt það er eingöngu ætlað félögum í FBM, þeirra gestum og hópum á vegum starfsmannafélaga prentsmiðjanna. Einstaklingar sem eru ekki í neinum tengslum við FBM fá ekki aðgang að svæðinu til að tjalda nema með leyfi umsjónarmanna.

Gjaldið fyrir fyrstu nótt er 1000 kr. og 500 kr. hver viðbótarnótt. Jafnframt er möguleiki að fá aðgang að rafmagni fyrir kr. 400 pr. nótt.

## ■ Samkomutjald

FBM hefur tvö samkomutjöld til afnota í Miðdal, annað 50 m<sup>2</sup> og hitt 72m<sup>2</sup>. Kjórið tækifæri fyrir starfsmannafélög og aðra sem ætla að vera með hópa á tjaldstæðinu. Verð kr. 10.000 pr. sólarhring.

## Fjölskylduskemmtun Félags

### bókagerðarmanna og Miðdalsfélagsins

verður haldin laugardaginn 2. ágúst kl. 13.30 í Miðdal. Skemmtunin verður auglýst nánar á vinnustöðum og á vef félagsins.

## Golfmót FBM

verður haldið laugardaginn 9. ágúst á Golfvelli Dalbúa í Miðdal. Skráning á skrifstofu félagsins í síma 552 8755 eða á [fbm@fbm.is](mailto:fbm@fbm.is)

Mótið verður auglýst nánar síðar á vinnustöðum félagsmanna og vef félagsins.